



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
SCHOLA AKUREYRENSIS

Skýrsla sjálfsmatsnefndar fyrir skólaárið 2013 – 2014

Alma Oddgeirsdóttir

Brynhildur Frímansdóttir

Geir Hólmarsson

Valdís Þorsteinsdóttir

Valgerður S. Bjarnadóttir

Þórhildur Björnsdóttir

Inngangur

Í sjálfsmatsnefnd skólaárið 2013-2014 voru Valdís Björk Þorsteinsdóttir (formaður), Alma Oddgeirsdóttir, Brynhildur Frímansdóttir, Geir Hólmarsson og Valgerður S. Bjarnadóttir. Á vordögum fór Valdís Björk í fæðingarorlof og kom Þórhildur Björnsdóttir inn í nefndina í stað hennar. Valgerður og Brynhildur skiptu með sér störfum formanns. Sökum verkfalls á vorönn féllu nokkrir fundir niður og störf nefndarinnar markast nokkuð af því. Valgerður var jafnframt verkefnastjóri mats og endurskoðunar á nýrri námskrá og þar sem niðurstöður innra mats eru listaðar nokkuð ítarlega í skýrslu verkefnastjóra er þessi skýrsla ekki jafn ítarleg og vant er.

Skýrsla sjálfsmatsnefndar frá 2012-2013 er mjög ítarleg og kemur inn á fjölmarga þætti í umbótaáætlun sinni, til dæmis að halda til haga umræðu á kennarafundum um skólastarfið og þróun þess. Mikil vinna er lögð í skýrslugerð á hverju ári og niðurstöðum og tillögum sem lagðar eru fram þarf að finna farveg í áframhaldandi faglegri umræðu meðal starfsmanna.

Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2013-2016

Sjálfsmatsnefnd skólaársins 2012-2013 setti fram starfsáætlun til næstu ára. Samkvæmt henni eru áhersluþættir næstu ára eftirfarandi:

Skólaárið 2014-2015

Haustönn: Áfangamat í íþróttum.

Vorönn: Áfangamat í íþróttum. Hlýtt á starfsfólk.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, skýrsla skrifuð.

Skólaárið 2015-2016

Haustönn: Áfangamat félagsgreina.

Vorönn: Áfangamat félagsgreina, foreldrakönnun

Samkvæmt sömu áætlun voru verkefni skólaársins 2013-2014 eftirfarandi:

Haustönn: Áfangamat í stærðfræði og raungreinum.

Vorönn: Áfangamat í stærðfræði og raungreinum. Hlýtt á nemendur 4. bekkjar.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, skýrsla skrifuð.

Störf nefndarinnar 2013-2014

Fyrsti fundur skólaársins var haldinn 23. september 2013 og svo var fundað vikulega yfir skólaárið. Í byrjun annar var farið yfir skýrslu síðasta skólaárs og unnið að að tímaáætlun fyrir verkefni vetrarins. Ákveðið var að leggja fyrir áfangakannanir í stærðfræði og raungreinum, eins og gert var ráð fyrir í áætlun. Vegna sérstakrar áherslu á mat á nýrri námskrá var ákveðið að leggja könnun fyrir alla nemendur 2. – 4. bekkjar í stað verkefnisins „hlýtt á nemendur 4. bekkjar“. Sú könnun var lögð fyrir um miðjan desember. Jafnframt var ákveðið að fá fram raddir kennara og leggja fyrir verkefni “hlýtt á kennara”. Allir kennarar fengu spurningar með áherslu á ýmsa þætti innleiðingar á nýrri námskrár. Spurningarnar voru sendar út um miðjan nóvember. Þessir tveir liðir voru á ábyrgð verkefnastjóra mats og endurskoðunar en nefndin öll kom að undirbúningi og rýndi til gagns í spurningalista og fyrirkomulag. Nokkur óvissa ríkti um skólalagd á vorönn, vegna mögulegs verkfalls, og þar af leiðandi fór stærstur hluti gagnasöfnunar fram á haustönn. Nefndin kom að skipulagningu vinnudags á haustönn, sem haldinn var 29. nóvember, sem og skólafundar sem haldinn var með öllum nemendum og starfsfólki í Kvosinni á vordögum.

Niðurstöður innra mats eru listaðar nokkuð ítarlega í skýrslu verkefnastjóra mats og endurskoðunar og ekki ástæða til að endurtaka þær í þessari skýrslu.

Áfangakannanir í raungreinum og stærðfræði

Samkvæmt skipulagi voru áfangakannanir lagðar fyrir nemendur í raungreinaáföngum og stærðfræði. Spurningalistarnir voru með svipuðu sniði og undanfarin ár, en kennarar fengu listana til umsagnar áður en þeir voru lagðir fyrir. Á vorönn voru listarnir lagðir fyrir með þeim fyrirvara að hafa þyrfti í huga möguleg áhrif verkfalls. Kennarar hafa fengið niðurstöður í hendurnar og farið yfir þær.

Vangaveltur sjálfsmatsnefndar

Áfangakannanir. Á fundum vetrarins var talsvert rætt um lélegt svarhlutfall í áfangakönnunum, hvernig og hvort kennarar nýttu sér niðurstöður kannananna og hvernig mætti auka svarhlutfall þeirra. Jafnframt hvaða tilgangi áfangakannanir þjóna og hvort það sé þess virði að leggja þær fyrir. Þetta eru mikilvægar spurningar sem mikilvægt er að ræða áfram.

Í könnuninni “hlýtt á kennara” voru kennarar spurðir að því hvernig niðurstöður áfangakannana nýtast í þróun áfanga og kennsluhátta. Af 20 kennurum sem svöruðu þessari

spurningu voru þeir neikvæðir í garð áfangakannana. Einn taldi þær gagnslausar, annar að skilaboðin í þeim væru misvísandi og sá þriðji efaðist um marktækni þeirra og sagði jafnframt. „ég hef stundum á tilfinningunni að allar þessar kannanir hverju nafni sem þær nefnast, fari í taugarnar á nemendum og þeir geri þær ekki alltaf af heilum hug“. Aðrir voru nokkuð jákvæðir í garð kannananna og töldu þær nýtast vel, ekki síst sem hvatning til að halda áfram góðu starfi. Þó voru gerðar athugasemdir við nafnlausar athugasemdir frá nemendum, sem oft á tíðum séu ósanngjarnar og fari ef til vill eftir dagsformi nemenda. Þær þurfi að taka með fyrirvara. Það var líka bent á hversu erfitt það getur verið fyrir kennara að vita ekki hvaða nemendum líður mjög illa í áfanganum eða af hverju þeim líði illa.

Tillögur að breyttu skipulagi áfangamats var rætt, í þeim tilgangi að auka svarhlutfall og koma til móts við óskir nemenda. Rædd var tillaga að breyttu skipulagi, þar sem áfangakannanir yrðu láttnar rúlla eftir bekkjum í stað greina. Samkvæmt tillögunni yrðu lagðar fyrir kannanir í 1. og 2. bekk á næsta skólaári, í öllum greinum. Árið eftir yrðu svo lagðar fyrir kannanir í 3. og 4. bekk, í öllum greinum. Þannig yrði hver árangur spurður í 1. og 4. bekk eða 2. og 3. bekk. Þessi lausn yrði til að mæta óskum nemenda um að hafa betri tækifæri til að svara könnunum um áfanga sem þeir sitja. Þessi tillaga var kynnt á kennarafundi en frekari umræðu er þörf. Æskilegt er að sjálfsmatsnefnd næsta skólaárs taki þessa tillögu til umræðu og áframhaldandi þróunar.

SpList. Sjálfsmatsnefnd ræddi einnig um forritið SpList, af hverju það væri notað en ekki eitthvað annað, hversu dýrt það væri og hvort það væru ef til vill önnur sambærileg forrit sem ástæða væri til að skoða. Ljóst er að framhaldsskólar hafa notað mismunandi forrit og hægt er að notast við mun ódýrari kosti en SpList.

Tillögur að verkefnum skólaársins 2013-2014

- Samkvæmt áætlun skal leggja fyrir áfangakannanir í íþróttum á næsta skólaári, auk „hlýtt á starfsfólk“. Mikilvægt er að halda áfram að þróa fyrirkomulag áfangakannana svo auka megi svarhlutfall og gagnsemi kannananna.
- Nefndin telur einnig tilefni til að fylgja sérstaklega eftir breytingum á námskrá sem ákveðnar voru á vordögum, ekki síst breytingar sem miða að því að draga úr álagi á 2. ári raungreinasviðs og minnka brottfall af sviðinu. Æskilegt er að ræða við nemendur í rýnihópum og ef til vill mætti leggja fyrir stutta könnun.

- Ráðist verður í umfangsmiklar breytingar á tölvukerfi skólans á haustdögum 2014 og verkefni sjálfsmatsnefndar gæti verið að meta þær breytingar, í samvinnu við kerfisstjóra skólans.
- Á skólafundi vorið 2014 voru umgengnisreglur um tölvur og tæki kynntar fyrir nemendum skólans, eftir umræðu á kennarafundi skömmu áður. Reglur þessar voru ræddar og unnar í nefnd um bættu vinnumenningu í MA. Mikilvægt er að fylgja eftir þessum reglum sú eftirfylgni gæti verið hluti af störfum sjálfsmatsnefndar á næsta skólaári.

Úrbótaáætlun

Í skýrslu verkefnastjóra mats og endurskoðunar eru tillögur til úrbóta listaðar nokkuð ítarlega upp, eftir greiningu á þeim gögnum sem greint hefur verið frá í þessari skýrslu. Tillögurnar snúa að mestu leyti að sömu þáttum og tilgreindir voru í síðustu skýrslu sjálfsmatsnefndar. Hafist hefur verið handa við formlegar úrlausnir á öllum eftirfarandi þáttum:

- álagi á 2. og 3. ári raungreinasviðs
- samskiptum nemenda og kennara
- líðan nemenda
- vali nemenda
- velgengnisdögum
- samvinnu kennara og samvinnu á milli greina
- minni tilfærslum á einingum eða áföngum

Á næsta skólaári verður mikilvægt að fylgja þessum þáttum vel eftir í samstarfi við skólasamfélagið, halda áfram mati á þáttum sem tengjast nýrri námskrá og ekki síst líðan nemenda og samskiptum nemenda og kennara.